

# Hverfisráð Hríseyjar

## 135. fundur

Fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 20:00 var haldinn 135. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Hermann Jón Erlingsson, Ingólfur Sigfússon formaður og Kristinn Árnason varamaður.

Kristinn mætti í forföllum Claudiu Werdecker sem hefur tilkynnt að hún geti ekki sinnt störfum í hverfisráði til máiloka.

Linda María Ásgeirsd. formaður Ferðamálafélags Hríseyjar sat fundinn undir 1. lið.

## Dagskrá:

### 1. Innkomið bréf frá Ferðamálafélagi Hríseyjar

Í innkomnu bréfi frá Ferðamálafélagi Hríseyjar og hagsmunaaðilum í ferðaþjónustum í Hrísey kemur fram að rekstaraðilar í ferðaþjónustu í Hrísey hafa miklar áhyggjur af komandi sumri. Í Hrísey er hafin vinna við að búa til skemmtilegar pakkaferðir til Hríseyjar með góðum afsláttum fyrir fólk sem kýs að nota hér ferðaávisun, sem ríkisstjórnin ætlar að gefa út. Jafnframt kemur fram:

*Til að styðja við þetta átak okkar og renna stykari stoðum undir atvinnulífið í eyjunni, förum við þess á leit við Akureyrarbæ að hann styrki okkur með því að greiða fargjöld í Hríseyjarferjuna fyrir alla í einn mánuð í sumar. Slik ráðstöfun myndi skila miklu til eyjarinnar og yrði gott markaðsátak sem hægt væri að ráðast í vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu. Við erum þess fullviss að margir íbúar á Norðurlandi sem ekki hafa komið í Hrísey myndu nýta sér þetta tilboð og einnig aðrir landsmenn.*

Hverfisráð styður erindið heilshugar og vísar því áfram til bæjarráðs.

### 2. Cittaslow

Hverfisráð átti fund 15. apríl með Áshildi bæjarstjóra og Maríu Helenu á Akureyrarstofu varðandi Cittaslow. Tóku þær erindinu jákvætt og munu afla frekari gagna og upplýsinga varðandi umsókn að samtökunum.

### 3. Vinnuskóli

Á síðasta fundi óskaði hverfisráð eftir að vinnuskóli standi börnum í Hrísey til boða líkt og á Akureyri. Erindið var samþykkt, opnað hefur verið fyrir umsóknir í vinnuskóla Akureyrarbæjar og er hægt að velja Hrísey sem starfsstöð. Hverfisráð fagnar þessu og hvetur 14-17 ára ungmenni í Hrísey til að sækja um.

4. **Atvinnuáttak fyrir skólafólk**

Í aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar til að bregðast við samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum COVID-19 er gert ráð fyrir sérstöku atvinnuátaki skólafólks, 18-25 ára. Fram kemur að stofnanir bæjarins taka saman tillögur að verkefnum. Formaður fylgir því eftir að tillögur um verkefni til að vinna í Hrísey verði sendar til Akureyrarbæjar.

5. **Framkvæmdafé 2020**

Á 76. fundi umhverfis- og mannvirkjaráðs 17.04.20 var ákveðið að framkvæmdafé í Hrísey fyrir árið 2020 yrði ráðstafað í neðangreind verkefni:

-Brettavöllur við Hríseyjarskóla

-Hátíðarsvæði: grillhús, skjólveggur og uppsetning á fánastöng.

-Endurgerð á stiga niður í fjöru

-Fegrin umhverfis - verkefni unnin af heimamönnum og snúa að sérstöðu eyjarinnar.

-Líkamræktaraðstaða í íþróttamiðstöðinni

-Merkingar í eyjunni

Umræður um verkefnin og eftirfylgni.

6. **Hreinsunardagur**

Stefnt að hreinsunardegi laugardaginn 23. maí. Nánar auglýst síðar.

7. **Önnur mál**

Hermann Jón Erlingsson lagði fram bréf þar sem hann tilkynnir úrsögn sína úr hverfisráðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 22:30.

Hermann Jón Erlingsson  
Ingólfur Sigfússon  
Kristinn Árnason

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon